HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

22. nóvember 2021

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

**Umsögn deiliskipulagstillögu fyrir Hálsasker í Öræfum**

Með bréfi dagsettu 16. nóvember sl. óskaði umhverfis- og skipulagsstjóri f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar eftir umsögnum um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hálsasker í Öræfum. Til grundvallar var deiliskipulagsuppdráttur frá kaa ehf. dagsettur 15.07. sl.

Umsögn þessi er unnin með hliðsjón af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem og reglugerðum sem á lögunum byggja.

Fram kemur að til viðbótar við núverandi byggingar á svæðinu verði heimilt að byggja einbýlishús, vélaskemmu, verkstæði, gróðurhús og fleira á alls 5 byggingarreitum á svæðinu. Tillagan gerir ráð fyrir að leitað verði umsagnar og ráðgjafar HAUST varðandi nýtt tveggja þrepa hreinsivirki fyrir fráveitu sem sett verður upp á svæðinu.

*Af hálfu HAUST eru ekki gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.*

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi
AUSTURLANDSSVÆÐIS